



Borgarráð  
Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík 7. nóv. 2019  
R19070050  
USK2019070019

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um námskrá Vinnuskólans\_umsögn.***

Vísað er í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um námskrá Vinnuskólans sem lögð var fram í borgarráði 4. júlí 2019.

Í reglugerð og leiðbeinandi viðmiðunarreglum Vinnuskólans er talað um hefðbundin hreinsunar- og garðyrkjustörf og að námsefnið samanstandi af þremur þáttum: fræðslu, tómstundum og vinnu. Í ljósi fréttu um að börnin í Vinnuskólanum læri að gera kröfuspjöld og fara í kröfugöngur og þess háttar langar borgarfulltrúa Flokks fólksins að spyrja nánar um: Hver ákveður hvaða verkefni börnin taka sér fyrir hendur í Vinnuskólanum hverju sinni og er verkefnavalið borið undir foreldra þeirra?

Í fyrirspurninni er væntanlega vísað í leiðbeinandi viðmiðunarreglur um starfsemi vinnuskóla (2012) sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út.

Það er ekki til sérstök reglugerð eða viðmiðunarreglur fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur.

Markmið með stofnun Vinnuskólans árið 1951 voru þau að tryggja að unglingar í borginni hefðu þroskandi vinnu yfir sumartímann og að ala með þeim almennar dyggðir eins og reglusemi, stundvísi og ábyrgðartilfinningu. Þessi markmið hafa lítið breyst í gegnum tíðina. Vinnuskóli Reykjavíkur stýrir því hvaða verkefni eru unnin hvert sumar í samráði við aðrar starfseiningar og starfsstaði borgarinnar sem útvega nemendum skólans störf.


Varðandi fræðslu þá eru hún ákveðin af skólanum. Hvorki verkefni né fræðsluþættir eru bornir undir foreldra að öðru leyti en því að við skráningu í skólann eru þeir hvattir til að kynna sér helstu þætti starfsins.

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál í víðum skilningi í Vinnuskólanum.

Vinnuskólinn er þátttakandi í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein sem Landvernd heldur utan um hér á Íslandi. Verkefninu er ætlað að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grænir fræðsluleiðbeinendur starfa í hverju hverfi og fara á milli hópa og kynna nemendum umhverfismál með fjölbreyttum hætti. Vinnuskólinn hefur flaggað Grænfánanum frá 2008 en hann er viðurkenning fyrir góðan árangur í starfinu.

Vinnuskólinn er í samstarfi við Jafningjafræðsluna sem rekin er af Hinu húsinu í Reykjavík. Fræðslan snýst um fjölbreytta forvarnarfræðslu með umræðum og hópeflisleikkjum þar sem meðal annars er leitast við að efla sjálfsmynd unglिंगanna.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

  
Þóroldur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða

